

Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Ársskýrsla fjarnáms 2022

Inngangur

Þessi skýrsla er samantekt á af upplýsingum fjarnám sem koma fyrir í ársskýrslu Fjölbrautaskólans við Ármúla 2022 og sjálfsmatsskýrslu 2023-2024 og innra mati skólans.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er stærsti fjarnámsskóli landsins með kennslu í fjarnámi vor, sumar og haust. Skólinn býður upp á um 90 áfanga sem kenndir eru í gegnum Moodle-námsvefinn og aðgengilegir nemendum í gegnum vefinn.

Kennslukönnun var gerð vorið 2022 í öðrum tungumálum en ensku. Þátttakan var 28%. Haustið 2022 var svo kennslukönnun í öllum raungreinum í fjarnámi og var þátttakan um 32%.


Í mars og apríl fór fjarnám skólans í gegnum endurvottunarúttekt. Fjarnámið hefur verið gæðavottað síðan 2019 af staðlinum ÍST EN ISO 9001:201 og var þetta fyrsta endurvottunarúttektin. Næsta viðhaldsúttekt verður vorið 2025.

Fjöldatölur fjarnám - þróun

Annir í fjarnámi eru þrjár: Vor, sumar og haust. Á haust- og vorönnum eru að jafnaði 1100-1400 nemendur en 700 á sumrin. Áhrifa heimsfaraldursins vegna covid-19 hafði mikil áhrif á fjarkennslu í öllu landinu. Tölur fyrri ára eru fengnar úr ársskýrslu 2021 en tölur fyrir árið 2022 eru fengnar frá Hagstofu Íslands í gegnum Innu: 10. febrúar, 18. júní og 3. október 2022.

2018			2019			2020			2021			2022		
V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H
1089	677	1217	1132	699	1214	1206	1104	1274	1346	981	1099	1300	705	1191

Sumarannirnar 2020 og 2021 voru óvenju fjölmennar en einnig voru vorannir 2021 og 2022 fjölmennari en haustannir. Vísbendingar eru um að þessi þróun sé að ganga til baka hvað sumarannirnar varðar.



Um 106 nemendur úr dagskóla FÁ skráðu sig í áfanga í fjarnámi vorið 2022 en 103 um haustið.

1166 nemendur voru skráðir með póstnúmeri á haustönn; þar af voru 513 í Reykjavík eða 44% nemenda. Mjög svipað hlutfall fjar- og dagskólanemenda kemur úr nágrannasveitafélögum Reykjavíkur eða 30-33%.

Bæjarfélag	vor 2022	haust 2022
Garðabær	60	48
Hafnarfjörður	96	91
Kópavogur	172	178
Mosfellsbær	47	52
Seltjarnarnes	17	14
Samtals	392	383


Um 23% fjarnema koma utan af landi á móti 6% dagskólanema. Munar þar mestu um stóra hóp af Suðurlandi og Suðurnesjum.

Landsbyggð	vor 2022	haust 2022
Austurland	27	23
Norðurland eystra	38	47
Norðurland vestra	16	12
Suðurland	89	72
Suðurnes	75	61
Vestfirðir	9	10
Vestmannaeyjar	9	6
Vesturland	39	39
Samtals	302	270

Umfang fjarnáms á landsvísu

[Gögn af vef Hagstofu Íslands](#) leiða í ljós að skólinn er stærsti fjarnámsskóli landsins og hefur verið um nokkurt skeið.

Eftirfarandi mynd sýnir fjölda fjarnema eftir skólum. Bláir ferlar eru fjöldi fjarnema annarra skóla á framhaldsskólastigi en appelsínugulur fjöldi fjarnema í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.



Fjöldi nemenda er þannig talinn skv. lýsingu Hagstofunnar á gögnunum:

Í þessum tölum eru taldir allir nemendur viðkomandi skóla og flokkaðir eftir skólastigi í samræmi við alþjóðlegt flokkunarkerfi menntunar ISCED97. Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni í gagnasafninu, þannig að stundi hann nám í tveimur skólum þá telst hann aðeins í öðrum þeirra. Í listaskólum, öðrum en Listaháskóla Íslands, eru því eingöngu taldir þeir nemendur sem ekki stunda nám í öðrum skólum. Ártalið í töflunni á við fyrra árið í skólaárinu. T.d. á 2015 við skólaárið 2015-2016.

Reykjavík í febrúar 2025

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri